



Leiðbeiningar um vinnu við hjólbarða, samsettar felgur og felgur með láshring

Alvarleg slys hafa orðið gegnum tíðina við vinnu með hjólbarða og felgur. Felgur hafa brostið eða láshringir þeyst af þeim. Loftfylltur hjólbarði er eins og hvert annað þrýstihylki sem getur sprungið.

Tryggja þarf við losun hjólbarða með miðjusamsettri felgu að ekki verði villst á festirónum, sem halda felgunni saman og þeim sem halda felgunni á hjólásnum.



Tæki sem er lyft upp fyrir hjólbarðaskipti eða aðra vinnu skal hvíla á tryggri undirstöðu t.d. sérstökum búkkum. Vökvatjakkur eða annar lyftibúnaður sem notaður er til að lyfta tækinu skal þá aflestaður. Fella skal alveg þrýsting í hjólbarða áður en hann er losaður undan tækinu.



Allri meðferð þungra hluta fylgir slyshætta. Hjólbarðar undir stórum tækjum eru þungir og ómeðfærilegir. Það getur þurft að nota viðeigandi léttitæki við flutning á þeim.

Þegar unnið er við felgur þarf að hreinsa og yfirfara felgurnar vandlega til að ganga úr skugga um að þær séu heilar og óskemmdar. Oft uppgötvast tæring, sprungumyndun eða aðrar skemmdir í felgum við skoðun. Það má ekki gera við felgur eða íhluti þeirra, t.d. sjóða í sprungur nema samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda.

Hjólbarðar sem eru sjáanlega skemmdir eða ef vafi leikur á um ástand þeirra á að taka úr umferð.

Áður en hjólbarði er settur á felgu þarf að ganga úr skugga um að allir hlutar eigi saman og séu hreinir og óskemmdir. Smyrja þarf sérstöku smurefni á kantfleti hjólbarða og felgu til að tryggja þéttleika og að hlutirnir falli í réttar skorður.

Loftdæling í hjólbarða utan verkstæðis

Á verkstæðum skal vera stálgrindabúr sem hjólbarðar eru settir í þegar lofti er dælt í þá. Þar sem ekki er búr til staðar er heppileg lausn að hjólið hvíli á sérstökum palli, minnst 40 cm háum sem dregur úr virkni höggbylgjunnar ef hjólbarði springur. Þannig minnkar endurkastskrafturinn frá gólfinu og um leið hættan á að hjólið þeytist af stað.



Við loftdælingu í hjólbarða þarf að huga sérstaklega að því að skýla sér á tryggan hátt. Þegar lofti er dælt í hjólbarða sem er undir tæki geta menn staðið við gagnstæða hlið þess, einnig geta menn skýlt sér bak við vegg eða vegghorn. Loftslanga þarf að vera nógu löng og þannig búin að hægt sé að stjórna dælingunni frá öruggum stað. Stjórnandinn þarf einnig að fylgjast með því að aðrir fari ekki inn á hættusvæðið.

Ekki má dæla í hjólbarða sem er á miðjusamsettri felgu, upp í fullan þrýsting fyrr en hjólið hefur verið fest á ökutækið.